

Borgarráð 3. febrúar 2022: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um fundargerðir samninganefndar Reykjavíkurborgar við olúfélögin

Samkvæmt svari frá samninganefndar Reykjavíkurborgar við olúfélögin er því hafnað að borgarráð fái fundargerðir af 61 fundi nefndarinnar. Þar segir: „Í 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er fjallað um aðgang sveitarstjórnarmanna að gögnum og þagnarskyldu. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins, skal sveitarstjórn í samþykkt sinni kveða nánar á um meðal annars r e ttsveitarstjórnarmanna til að fá afhent þar tilgreind gögn. Það hefur Reykjavíkurborg gert með setningu ákvæðis 35. gr. í samþykkt nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, en þar er mælt fyrir um að borgarfulltrúa sé heimilt að kynna sér gögn sem undanþegin eru upplýsingaréttálmennings á skrifstofu borgarstjórnar. Í því sambandi skal á rétta það umrædd gögn eru ekki til afritunar, birtingar, deilingar eða dreifingar.“ Óskað er eftir að Reykjavíkurborg uppfylli þetta lagaákvæði og legg fundargerðirnar fram á skrifstofu borgarstjórnar. Einnig er óskað eftir að borgarfulltrúar fái tilkynningu með sannarlegum hætti þegar fundargerðirnar hafa borist skrifstofunni til að þeir geti skoðað og kynnt sér samningana fyrir luktum dyrum.